



Myndlista og sögusýning af tilefni 50 ára afmæli Félags heyrnarlausra.

Afmælishátíð Félags Heyrnarlausra hefst formlega fimmtudaginn 11. febrúar með athöfn á Hótel Loftleiðum. Sama dag opnar myndlista- og sögusýning í Ráðhúsi Reykjavíkur. Sögusýningin sýnir myndir og viðburði frá 50 ára sögu Félags heyrnarlausra. Steinunn Þorvaldsdóttir tók saman og setur upp í viðburðardagatal minningar úr starfi Félags heyrnarlausra síðustu 50 árin í myndrænu formi.

Einnig verður myndlista- og sölusýning eftir heyrnarlausa listamenn, þau Kolbrún Hreiðarsdóttir, Arnþór Hreinsson, Vilhjálmm Vilhjálmsson og Sunnu Davíðsdóttur en sýningin mun standa yfir í eina viku eða til 18. febrúar.

Aðgangur er ókeypis og hvetjum við félagsmenn, aðstandendur og aðra áhugasama til að fjölmenna á þessa sýningu

